

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Fjallabyggð.

Þormóðseyri – Norðurgata 16, Siglufirði.

Bæjarráð Fjallabyggðar, f.h. bæjarstjórnar, samþykkti 30. ágúst 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi Þormóðseyrar á Siglufirði. Breytingin felur í sér að lóðarmörkum við Norðurgötu 16 er breytt til samræmis við gildandi lóðarleigusamning frá 2012. Samhliða breytingu lóðarmarka, stækkar byggingarreitur innan hennar þar sem heimilt verður að byggja viðbyggingu við núverandi hús eða stakstæða byggingu á einni hæð með tvíhalla þaki. Vegna stækkunar lóðarinnar við Norðurgötu 16, minnkar lóð og byggingarreitur við Vetrarbraut 21-23 en skilmálar verða óbreyttir. Þá stækkar lóðin við Vetrarbraut 19B vegna breytinga á lóðarmörkum við Norðurgötu 16. Málsmeðferð var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fjallabyggð, 2. september 2024.

Íris Stefánsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 16. september 2024